Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

Keflavík 30. sept. 1985.

102. fundur
skólanefndar FS var haldinn í skólanum 23. sept. 1985.
Fundinn sátu: Gunnar Sveinsson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Hreinn Ásgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Bogi Hallgrímsson, Gísli Torfason, fulltrúi kennara, Ingimundur Þ. Guðnason, Ingi Gunnarsson og Hafliði Sævarsson, fulltrúi nemenda.

1. Kl. 17.00 setti formaður fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Sérstaklega kvaðst hann vilja bjóða fulltrúa nemenda og fulltrúa Sandgerðis velkomna til síns fyrsta fundar með skólanefndinni.

2. <u>Upphaf haustannar 1985.</u>
Formaður bað skólameistara að lýsa í stuttu máli skólastarfinu í upphafi haustannar. Skólameistari kvað skólastarf hafa hafist með hefðbundnum hætti á tilsettum tíma.
Tekist hefði að ráða í allar auglýstar kennarastöður og þrátt fyrir verulegan húsnæðisskort hefði tekist að bjarga þeim málum. Af áður greindum ástæðum fer kennsla nú fram á sjö stöðum.
Nemendur verða um 540, auk öldungadeildar og fjölmargra nemenda í starfsnámi.

3. <u>Húsnæðismál.</u>
Í framhaldi af umræðum um lausn húsnæðisvanda FS á nýbyrjuðu skólaári, var rætt um væntanlega nýbyggingu við skólann og leiðir sem orðið gætu málinu til framdráttar. Formaður kynnti uppkast að bréfi varðandi þetta mál sem svo var ákveðið að sent skyldi til allra þingmanna kjördæmisins.

4. <u>Fjármál.</u>
Formaður kvaðst hafa haft samband við gjaldkera skólans og hefði hann svarað aðspurður um peningahliðina að hann teldi óþarft að kvarta, innheimta væri góð og staðan betri en oft áður.

5. <u>Önnur mál:</u>
a. Skólameistari kynnti í stórum dráttum lokaskýrslu nefndar þeirrar er fjallað hefur í sumar um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á rekstri framhaldsskóla. Skólanefnd var sammála um að skýrslan skuli send til allra sveitarstjórna á skólasvæðinu svo og til SSS með ósk um að hjá þeim aðilum verði hún tekin til umfjöllunar.

Í framhaldi af því og í samræmi við afgreiðslu hjá öðrum landshlutasamtökum, kjósi SSS þriggja manna nefnd til að fylgja málinu eftir við löggjafann.

b. Skólameistari greindi frá aðalfundi Sambands iðnfræðsluskóla og kvað FS eiga rétt á tveimur fulltrúum þar, auk skólameistara. Hann stakk upp á Sturlaugi Ólafssyni og Jóni Valdimarssyni sem aðalmönnum og til vara Jóhannesi Helgasyni og Magnúsi Karlssyni.
Nefndin samþykkti þessa skipan samhljóða.

c. Þá gat skólameistari þess að nýráðinn ritari skólans myndi láta af störfum af persónulegum ástæðum.
Skólanefnd fól skólameistara að auglýsa starfið laust til umsóknar.

d. Að lokum dreifði skólameistari myndarlegum bæklingi, sem ber nafnið skólaskýrsla 1976-1982.
Bók þessi greinir frá aðdraganda, stofnun og starfi FS á árunum 1976-1982 og er prentuð í 1000 eintökum.
Ákveðið var að hún skyldi seld á krónur 200.-

e. Skólameistari greindi frá því að hafin væri endurskoðun á Námsvísi. Að hálfu skólameistara hafa Kristján Bersi Ólafsson og Hjálmar Árnason verið tilnefndir í ritstjórn.

Fleira ekki gert.

Bogi G. Hallgrímsson

Bogi Hallgrímsson
fundarritari.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavík
Sími 92-3100

## NEMENDUR Í F.S. Á HAUSTÖNN 1985.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Dagskóli | 549 |
| | - nýnemar | 194 |
| | - iðnnemar | 124 |
| 2. | Öldungadeild | 225 |
| 3. | Réttindanám vélstjóra | 21 |
| 4. | Réttindanám skipstjóra | 17 |
| 5. | Bifvélavirkjun öld | 8 |
| 6. | Meistaraskólinn | 15 |

## KENNSLUHÚSNÆÐI F.S.

1. Bóknámshús
2. Verknámshús
3. Iðavellir 3
4. Aðventistaheimili
5. Holtaskóli
6. K.F.U.M
7. Salur iðnaðarmanna
8. Íþróttahús

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Keflavík
Sími 92-3100

KENNARAR Á HAUSTÖNN 1985.

Framhaldskólakennara og stundakennarar.

Alda Jensdóttir
Anna Lea Björnsdóttir
Arnbjörn Jóhannesson
Ásgeir Árnason
Axel Nikolaisson
Björn Lárus Örvar
Brynjólfur Guðmundsson
Borgþór Arngrímsson
Gísli Torfason
Guðjón Magnússon
Guðmundur Björgvinsson
Guðni Kjartansson
Guðrún Erla Sigurðardóttir
Gunnar Bergmann
Gunnar Guðlaugsson
Gunnar Þórarinsson
Hafsteinn Hafsteinsson
Helgi Eiríksson
Hjálmar Waag Árnason
Ingibjörg Frederiksen
Jakob Ilum Steensig
Jöhannes Ágústsson
Jóhannes S. Guðmundsson
Jóhannes Helgason
Jón A. Valdimarsson
Konráð Ásgrímsson
Kristinn Kristjánsson
Oddný Guðbjörg Harðardóttir
Magnús Ó. Ingvarsson
Magnús F. Karlsson
Margaret Cormack
ÓlafurSigurðsson
Ósa Knútsdóttir
Óskar Jónsson
Sigríður Bílddal
Sigrún Þorsteinsdóttir
Sigurður Erlendsson
Skúli Skúlason
Stefán Ásgrímsson
Sturlaugur Björnsson
Sturlaugur Ólafsson
Sumarrós Sigurðardóttir
Svanhildur Kjær
Sveinn Sæmundsson
Unnur Þorsteinsdóttir
Valdís Tómasdóttir
Þór Stefánsson
Þórunn Friðriksdóttir
Ægir Sigurðsson

Flugliðabraut.

Þorgeir Magnússon
Unnur Ólafsdóttir
Runólfur Sigurðsson
Haraldur Baldursson
Magnús Þórir Pétursson
Otto Tynes
Ágúst Hakonsson
Hjálmar Diego Arnórsson